

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/743
komudagur 26.8.2009



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Laugum 25. ágúst 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga

Svohljóðandi samþykkt var gerð á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 13. ágúst sl.

„Lögð fram ósk allsherjarnefndar Alþingis um umsögn Þingeyjarsveitar um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórnar, persónukjör. Sveitarstjórn leggst gegn því að frumvarpið verði að lögum enda verður ekki séð að það leiði til aukins lýðræðis né sé til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélagsins á nokkurn hátt. Sveitarstjóra falið semja greinargerð um málið sem verði sent Alþingi.“

Greinargerð:

Eins og fram kemur í samþykkt sveitarstjórnar leggst hún gegn því að umrætt frumvarp verði samþykkt. Rétt er að benda á nokkur atriði.

Persónukjör tíðkuðust allnokkuð í hinum fámennari sveitarfélögum fram á síðustu ár. Í ljósi þeirrar reynslu virðist ekki vera áhugi hjá sveitarstjórnarmönnum í Þingeyjarsveit að snúa aftur til þess tíma.


Erfitt getur reynst að tryggja jafnrétti kynja og jafnvægi milli einstaka hluta dreifðra sveitarfélaga. Það á sérstaklega við sveitarfélag eins og Þingeyjarsveit sem hefur orðið til við sameiningu margra hreppa á umliðnum árum. Reynt hefur verið að tryggja að fulltrúar sveitarstjórnar komi vítt og breitt að úr sveitarfélaginu en með persónukjöri getur reynst erfitt að tryggja slík sjónarmið. Þetta á enn frekar við sveitarfélög með stórum kjarna og dreifðum byggðum. Hætt er við að dreifbýli gæti orðið útundan samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi þó að vilji þeirra sem standa að framboðum standi til annars.

Þá getur persónukjör snúist upp í andhverfu sína eins og frumvarpið liggur fyrir. Segjum svo að velja eigi 9 aðalmenn í sveitarstjórn af ákveðnum lista. Kjósandi gengur í góðri trú til kosninga og raðar þeim í sæti sem honum hugnast. Honum líst mjög vel á 2-3 frambjóðendur sem hann vill styðja. Nú vill svo illa til að þeir ná ekki kjöri en þess í stað fara inn þeir tveir menn af listanum sem við komandi myndi aldrei geta hugsað sér að

styðja. Atkvæði hans verður engu að síður til þess að þeir komist í sveitarstjórn þrátt fyrir að hann hefði örugglega ekki kosið listann með umrædda tvo í efstu sætum. Vankvæðið er því það að þú veist ekki hvaða einstaklinga þú er að styðja þegar upp er staðið þegar þú gengur að kjörboðinu. Maður er að kjósa köttinn í sekknum.

Margir hafa áhyggjur af því að með því að færa persónukjör inn í sjálfa kosninguna er verið að færa prófkjorsbaráttu fram á kjördag. Efasemdir eru um að það sé til góðs fyrir samfélagið. Það kemur til með að kalla á alls konar auglýsingarmennsku fram á kjördag og kostnað því fylgjandi. Þannig verður ekki komið í veg fyrir það sem margir hafa séð sem helsta agnúa á prófkjörum, það er sá fjáraustur sem slíku fylgir í vissum tilfellum.

Virðingarfyllst;


Tryggvi Harðarson
Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar